

Eftirlaunasjóður FÍA



Tryggingafræðileg athugun í árslok 2010



TALNAKÖNNUN HF.

Apríl 2011

Efnisyfirlit

Efnisyfirlit	0
I. Inngangur	1
II. Niðurstaða	1
III. Gögn	2
IV. Forsendur	2
V. Eignir, rekstur og endurmat	3
VI. Staða sjóðsins í árslok 2010	5
VII. Niðurlag	7
VIII. Viðauki TAFLA 1	8
IX. Viðauki TAFLA 2	9

I. Inngangur

Talnakönnun hf. hefur samkvæmt beiðni stjórnar Eftirlaunasjóðs FÍA athugað tryggingafræðilega stöðu sjóðsins miðað við árslok 2010. Athuginin fólst í að reikna annars vegar áfallna skuldbindingu miðað við áunnin réttindi sjóðfélaga og hins vegar heildarskuldbindingu miðað við að sjóðfélagar héldu áfram að greiða í sjóðinn þar til þeir færu á lífeyri. Vigfús Ásgeirsson tryggingastærðfræðingur sjóðsins vann athuginuna samkvæmt samþykktum sjóðsins og í samræmi við 24. grein laga nr. 129/1997 og ákvæði IV. kafla reglugerðar nr. 391/1998 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Vigfús hlaut þann 30. janúar 1998 viðurkenningu Vátryggingaeftirlitsins (nú Fjármálaeftirlitið) til að starfa sem sérfræðingur skv. 37.gr. laga nr. 60/1994 um vátryggingastarfsemi og uppfyllir því ákvæði 2. mgr. 24. gr. laga nr. 129/1997 til að vinna tryggingafræðilegar athuganir á lífeyrissjóðum. Vigfús er fullgildur félagi í Félagi íslenskra tryggingastærðfræðinga.

II. Niðurstaða

Taflan sýnir niðurstöðu athugunarinnar Til samanburðar er sýnd niðurstaða sem miðast við árslok 2009. Allar fjárhæðir eru í þúsundum króna.

NIÐURSTAÐA í árslok	2010		2009	
ÁFALLIN STAÐA				
Höfuðstóll	16.583.600 þúsundir		15.266.670 þúsundir	
Viðbót vegna endurmats	1.155.557		1.147.038	
Fjárfestingarkostnaður	-186.231		-151.826	
EIGN	17.552.926		16.261.882	
Áfallin				
lífeyrisskuldbinding	19.908.284		20.647.894	
Kostnaður	158.827		132.787	
Áfallin skuldbinding	20.067.111		20.780.681	
Staða	-2.514.185	-12,5%	-4.518.799	-21,7%
HEILDARSTAÐA				
Iðgjöld	11.618.573 þúsundir		11.603.013 þúsundir	
Eign + iðgjöld	29.171.499		27.864.895	
Lífeyrisskuldbinding	31.232.691		31.962.476	
Kostnaður	341.865		280.171	
Heildarskuldbinding	31.574.556		32.242.648	
Staða	-2.403.057	-7,6%	-4.377.753	-13,6%

Úttektin sýnir að heildarstaða sjóðsins er neikvæð um 2.403 milljónir. Það er betri staða en í árslok 2009 en þá var staðan neikvæð um 4.378 milljónir en það var fyrir 10% skerðingu áfallinna skuldbindinga. Heildarstaðan í árslok 2009 hefði orðið neikvæð um 2.313 milljónir að teknu tilliti til skerðingarinnar þannig að heildarstaða hefur í reynd versnað um 171 milljón sem

er um 0,5% af heildarskuldbindingu. Áfallin staða er neikvæð um 2.514 milljónir en hún var neikvæð um 4.519 milljónir í úttektinni 2009 en hefði orðið neikvæð um 2.447 milljónir að teknu tilliti til skerðingarinnar þannig að áfallin staða hefur í reynd versnað um 67 milljónir eða um 0,3% af áfallinni skuldbindingu.

Heildarstaða sjóðsins er innan venjubundinna vikmarka -10% sem lög kveða á um eða -7,6%. Heildarstaða lífeyrissjóða á að jafnaði að vera innan 5% vikmarka og er æskilegt að stefna að ná því marki innan fárra ára. Það verður varla gert nema með skerðingu áunninna réttinda. Ef skert verður um 5% þá fer áfallin staða í -7,9% og heildarstaða sjóðsins í -4,6%. Það er mat skýrsluhöfundar að æskilegt að skerða um 5% innan 2ja ára miðað við stöðuna nú.

Núna er miðað við lífslíkur samkvæmt reynslu árána 2004 til 2008 á Íslandi (IS0408L).

III. Gögn

Gögn um sjóðfélaga og lífeyrisþega voru fengin frá rekstraraðila sjóðsins NBI hf. og voru þar upplýsingar um kyn og fæðingardag hvers sjóðfélaga, fæðingardag maka, samtals áunnin réttindi sjóðfélagans og nýjustu upplýsingar um iðgjaldgreiðslur. Hjá lífeyrisþegum voru upplýsingar um tegund lífeyris og lífeyrisréttindin í desember 2010.

Sjóðfélögum er skipt í þrjá hópa:

1. Sjóðfélagar sem greiddu iðgjöld til sjóðsins á árinu 2010.
2. Sjóðfélagar með geymd réttindi, það er greiddu hvorki iðgjöld né þáðu lífeyri á árinu 2010
3. Lífeyrisþegar í desember 2010.

Áreiðanleiki gagnanna var kannaðar með ítarlegum samanburði við gögn síðustu ára og tölur úr ársreikningi og var ágætis samræmi þar á milli.

IV. Forsendur

Ellilífeyrir

1. Reiknað er með að starfandi sjóðfélagar hefji töku ellilífeyris frá og með 65 ára afmælisdegi.
2. Áunninn réttur til ellilífeyris frá og með 65 ára aldri er áunninn lífeyrisréttur í árslok 2010 samkvæmt réttindabókhaldi sjóðsins
3. Réttur ellilífeyrisþega á mánuði er lífeyrisgreiðsla í desember á janúarverðlagi.
4. Aldursháð réttindatafla gefur áunnin réttindi til ellilífeyris frá og með 65 ára aldri. Réttindin eru verðtryggð miðað við hækkun vísitölu neysliverðs frá vísitölu hvers mánaðar.

Örorkulífeyrir

1. Allir sem eiga ellilífeyrisréttindi hjá sjóðnum eiga rétt á örorkulífeyri, ef örorka þeirra er metin 50% eða meira og þeir verða fyrir tekjumissi.
2. Fyrir fulla (100%) örorku er áunninn örorkulífeyrir 75% af áunnum ellilífeyrisrétti og hlutfallslega minni fyrir minni örorku. Virkir sjóðfélagar eiga rétt á viðbót með framreikningi samkvæmt reglum í 12. grein samþykktá sjóðsins.
3. Réttur örorkulífeyrisþega á mánuði er örorkulífeyrisgreiðsla desembermánaðar á janúarverðlagi.
4. Örorkulífeyrir greiðist til ellilífeyrisaldurs samkvæmt ofanskráðum reglum. Frá þeim tíma er greiddur ellilífeyrir.

Makalífeyrir

1. Makar allra þeirra sem eiga ellilífeyrisréttindi hjá sjóðnum eiga rétt á makalífeyri við fráfall sjóðfélaga.
2. Áunninn makalífeyrir er 48% áunnins ellilífeyris. Makar virkra sjóðfélaga og örorku- og ellilífeyrisþega fá viðbót með sams konar framreikningi og gildir um örorkulífeyri.
3. Makalífeyrir er greiddur til æviloka eftirlifandi maka..
4. Réttur makalífeyrisþega er greiðslan í desember á janúarverðlagi.

Barnalífeyrir

1. Við andlát eða starfsorkumissi sjóðfélaga fá börn þeirra rétt á lífeyri fram að 24 ára aldri.
2. Áunninn barnalífeyrir vegna andláts er 20% áunnins makalífeyris en þó aldrei lægri en 16.213 krónur á mánuði. Áunninn barnalífeyrir vegna örorku er 10% áunnins örorkulífeyris en þó aldrei lægri en 12.970 krónur á mánuði. Börn virkra sjóðfélaga fá viðbót með sams konar framreikningi og gildir um örorkulífeyri.
3. Réttur núverandi barnalífeyrisþega er greiðslan í desember á janúarverðlagi.

Almennar forsendur

1. Ávöxtun 3,5% umfram hækkunar vísitölu neysluverðs.
2. Íslenskar lífslíkur miðað við reynslu árána 2004 til 2008.
3. Íslenskar barneigna- og hjúskaparlíkur nema að raunveruleg hjúskaparstaða er notuð hjá lífeyrisþegum.
4. Meðaltal örorkulíka 17 íslenskra lífeyrissjóða samkvæmt reynslu árána 1998 til 2002, en þessar örorkulíkur urðu staðlaðar örorkulíkur frá og með reikningsárinu 2006.

V. Eignir, rekstur og endurmat

Verðbréf í eigu sjóðsins voru endurmetin með því að núvirða þau til að sömu forsendur um vexti giltu um eignir og skuldbindingar og gaf það 1.156 milljónir króna eða 7,0% af bókfærðri eign. Núvirði fjárfestingargjalda er 186 milljónir og nettóendurmat því 969 milljónir eða 5,8% af eign.

Efnahagur 31/12 2010	Bókfært	Núvirt mv. bókfært	Verðmæti mv. meðaltal 3ja mán.	Niðurfærsla v. meðaltalsverðm.	Endurmat
Fjárhæðir í þús. króna	með 3,5% og 6,1%				
Verðbréf með föstum tekjum	6.598.649	7.455.954			857.305
Veðlán	2.550.440	2.868.477			318.037
Verðbréf með breyttil. tekjum	3.294.371	3.308.922	3.265.589	-28.782	-14.232
Bundnar bankainnistæður	3.960.638	3.955.084			-5.554
Hús- og fullnustueignir	16.199	16.199			0
Kröfur	71.946	71.946			0
Sjóður og veltiinnlán	109.240	109.240			0
Skuldir	-17.883	-17.883			0
Eign skv. ársreikningi	16.583.600				1.155.557
Endurmat	1.155.557				
Fjárfestingargjöld	-186.231				
Tryggingafræðileg eign	17.552.926				
				Fjárfestingargjöld	
				Vegna ársins	Núv.
				7.940	186.231

Einstök verðbréf voru ekki núvirt af Talnakönnun heldur var stuðst við útreikninga sem sjóðurinn útvegaði. Talnakönnun sendi framkvæmdastjóra sjóðsins greinar 19 til 21 úr reglugerð nr. 391/1998 en þær fjalla um endurmat eigna lífeyrissjóða ásamt eftirfarandi leiðbeiningum:

1. Að bréf verði núvirt miðað við 3,5% eða 6,1% kröfu eftir því sem við á
 2. a. Fyrir tekjustreymi verðtryggðra bréfa með breytilega vexti:
 - i. Ef vextir bréfsins í árslok eru hærrí en 3,5% skal í stað vaxta bréfsins nota :
$$\text{MAX}(\text{vextir í árslok} - 1,5\%; \text{lágmarks vextir ef ákvæði eru um það í bréfinu}; 3,5\%)$$
 - ii Ef vextir bréfsins í árslok eru lægri en 3,5% skal nota vexti bréfsins
 - b. Fyrir tekjustreymi óverðtryggðra bréfa með breytilega vexti:
 - i. Ef vextir bréfsins í árslok eru hærrí en 6,1% skal í stað vaxta bréfsins nota :
$$\text{MAX}(\text{vextir í árslok} - 1,5\%; \text{lágmarks vextir ef ákvæði eru um það í bréfinu}; 6,1\%)$$
 - ii Ef vextir bréfsins í árslok eru lægri en 6,1% skal nota vexti bréfsins
3. Endurmat bréfa með uppgreiðsluákvæði skal ekki lækkað að þessu sinni.
 4. Búast má við miklum afskriftum af sumum flokkum verðbréfa. Óskað er eftir upplýsingum um verðmæti verðbréfa skv. flokkun endurskoðanda eða flokkun FME eftir því hvor er ítarlegri:
 - a) án afskrifta
 - b) með afskriftum
 - c) núvirt verðmæti mv. a)
 - d) núvirt verðmæti miðað við b). Ef ekki er hægt að reikna núvirði mv. b) verður notast við núvirta verðmætið í c) margfaldað með hlutfallinu á milli b) og a) fyrir hvern flokk.
 5. Minnt er á ákvæði 21.gr. 391/1998 um meðalverð síðustu þriggja mánaða fyrir eignir á markaðsverði. Fyrir erlendar eignir verði meðalverð eigna reiknað í viðkomandi gjaldmiðli (t.d. sem meðaltal verðs í lok september, október, nóvember og desember) umreiknað í krónur miðað við gengi 31.12.2010

Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður vegna fjárfestinga var 7,9 milljónir eins og fram kemur í töflunni að ofan og núvirðið 186 milljónir. Annar rekstrarkostnaður var 14,6 milljónir að núvirði 342 milljónir sem bætast við heildarskuldbindingu. Núvirtur kostnaður vegna áfallinnar skuldbindingar er hlutfallið reiknuð áfallin lífeyrisskuldbinding deilt með heildarskuldbindingu að viðbættum framtíðariðgjöldum og gaf það 159 milljónir.

VI. Staða sjóðsins í árslok 2010

Taflan sýnir niðurstöðu athugunarinnar með samanburði við staðlaðar forsendur.

NIÐURSTAÐA í árslok 2010	Forsendur úttektar		Staðlaðar forsendur	
ÁFALLIN STAÐA				
Höfuðstóll	16.583.600	þús.	16.583.600	þús.
Viðbót vegna endurmats	1.155.557		1.155.557	
Fjárfestingarkostnaður	-186.231		-186.231	
EIGN	17.552.926		17.552.926	
Áfallin				
lífeyrisskuldbinding	19.908.284		19.763.190	
Kostnaður	158.827		158.205	
Áfallin skuldbinding	20.067.111		19.921.395	
Staða	-2.514.185	-12,5%	-2.368.469	-11,9%
HEILDARSTAÐA				
Iðgjöld	11.618.573	þús.	11.618.573	þús.
Eign + iðgjöld	29.171.499		29.171.499	
Lífeyrisskuldbinding	31.232.691		31.087.597	
Kostnaður	341.865		341.865	
Heildarskuldbinding	31.574.556		31.429.463	
Staða	-2.403.057	-7,6%	-2.257.964	-7,2%

Tryggingafræðilegar forsendur eru staðlaðar að öllu leyti nema því að það er miðað við raunverulega hjúskaparstöðu lífeyrisþega en ekki staðlaðar hjúskaparlíkur. Ef stöðluðu forsendurnar hefðu verið notaðar þá hefði áfallin staða batnað um 0,6% og heildarstaða um 0,4%.

Áfallin skuldbinding í árslok 2009 var 20.781 milljónir en þar sem áunnin réttindi voru skert um 10% þá lækkaði skuldbindingin í 18.703 milljónir. Áfallin skuldbinding hækkaði því í reynd um 1.364 milljónir og er reynt að skýra breytinguna í eftirfarandi töflu:

Breyting á áfallinni skuldbindingu

Lífeyrisskuldbinding 2009	20.781	milljónir
Skerðing 10%	-2.078	
Áf. skuldb. eftir skerðingu	18.703	100%
Hækkun skb. á árinu	1.364	7,3%
Lífeyrisskuldbinding 2010	20.067	milljónir

Skb. vegna nýrra réttinda	720	3,8%
Vaxtaáhrif	667	3,6%
Hækkun vegna verðbólgu	515	2,8%
Lækkun vegna lífeyrisgr.	-685	-3,7%
Hækkun vegna lífslíka	0	0,0%
Annað	148	0,8%
Samtals hækkun	1.364	milljónir

EFÍA er aðili að örorkusamkomulagi fjögurra lífeyrissjóða, Íslenska lífeyrissjóðsins, Lífeyrissjóðs Rangæinga og Lífeyrissjóðs tannlækna auk EFÍA.

Samkomulagið gengur út á það að lífeyrissjóðirnir greiða sameiginlega allan örorkulífeyri hjá sjóðunum og er hlutfall hvers lífeyrissjóðs reiknað árlega vegna örorkutilvika þess árs. Hlutdeild EFÍA var 60,5% í örorkulífeyrisgreiðslum vegna þeirra tilvika sem féllu til á árinu 2009. Það er ekki búið að reikna hlutdeild sjóðanna vegna tilvika ársins 2010.

Útreikningur á lífeyrisskuldbindingu EFÍA í tryggingafræðilegri athugun hefur alltaf miðað við tryggingafræðilegar forsendur sjóðsins sjálfs en ekki hefur verið tekið tillit til örorkusamkomulagsins. Skuldbinding örorkulífeyrisþega hefur þó alltaf verið reiknuð að teknu tilliti til samkomulagsins og hingað til hefur skuldbinding EFÍA nánast alltaf verið hin sama hvort sem tekið er tillit til samkomulagsins eða ekki. Núna eru hins vegar vísbendingar, miðað við þau örorkutilvik sem búið er að tilkynna árið 2010, að það halli verulega á EFÍA, það er að skuldbinding EFÍA vegna örorkulífeyrisþega að teknu tilliti til samkomulagsins geti orðið meira en 100 milljónum hærri en ella.

Á þessu stigi málsins er ekki hægt að segja til um hvort hér sé um tilviljanakennda sveiflu að ræða eða ekki. Það þarf að fara vel ofan í saumana á samkomulaginu og framkvæmd þess.

VII. Niðurlag

Staða sjóðsins er erfið eins og flestra annarra lífeyrissjóða á Íslandi. Almennt hafa eignir lífeyrissjóða í reynd rýrnað um 20 til 30% vegna efnahagshrunsins sem byrjaði á árinu 2008 og því ekki óeðlilegt að það þurfi að skerða áunnin lífeyrisréttindi tilsvaramandi. Áunnin lífeyrisréttindi hjá EFÍA hafa verið skert um 23,5% frá hruni og því ekki óeðlilegt að grípa þurfi til skerðingar núna þar sem ávöxtun sjóðsins hefur ekki náð að bæta tapið upp. Tillaga um 5% skerðingu áunninna réttinda er því í fullu samræmi við þær staðreyndir sem blasa við eftir afskriftir efnahagshrunsins.

Þessi tryggingafræðilega athugun byggir á þeim gögnum og forsendum, sem gert hefur verið grein fyrir í skýrslu þessari, ásamt hefðbundnum tryggingafræðilegum útreikningum. Niðurstaðan virðist í ágætu samræmi við niðurstöðu fyrri ára.

Gert í Reykjavík 11. apríl 2011

TALNAKÖNNUN HF.



Vigfús Ásgeirsson

VIII. Viðauki TAFLA 1

Heildarskuldbinding (í mkr) KARLAR

Staða	Fjöldi	Meðalr/mán	Aldur	ELLI	ÖRORKU	MAKA	BARNA	SAMTALS
Virkir sjóðfélagar	496	501,6	41	17.010	1.313	3.177	403	21.903
Óvirkir	111	44,7	42	365	24	65	17	471
Ellilífeyrisþegar	100	441,3	73	5.208	0	993	0	6.201
Örorkulífeyrisþegar	11	414,5	58	735	269	126	0	1.130
Makalífeyrisþegar	0	0,0	0	0	0	0	0	0
Barnalífeyrisþegar	7	73,7	18	0	0	0	35	35
SAMTALS	725	417,9	45,7	23.318	1.606	4.361	455	29.740

(þúskr.)

Heildarskuldbinding (í mkr) KONUR

Staða	Fjöldi	Meðalr/mán	Aldur	ELLI	ÖRORKU	MAKA	BARNA	SAMTALS
Virkir sjóðfélagar	27	347,0	35	613	89	44	17	763
Óvirkir	22	27,1	35	51	4	3	3	62
Ellilífeyrisþegar	0	0,0	0	0	0	0	0	0
Örorkulífeyrisþegar	0	0,0	0	0	0	0	0	0
Makalífeyrisþegar	26	186,9	74	0	0	641	0	641
Barnalífeyrisþegar	7	55,2	17	0	0	0	27	27
SAMTALS	82	185,5	45,6	664	93	687	47	1.492

(þúskr.)

Heildarskuldbinding (í mkr) SAMTALS

Staða	Fjöldi	Meðalr/mán	Aldur	ELLI	ÖRORKU	MAKA	BARNA	SAMTALS
Virkir sjóðfélagar	523	493,6	41	17.624	1.402	3.221	420	22.666
Óvirkir	133	41,8	41	416	28	68	20	533
Ellilífeyrisþegar	100	441,3	73	5.208	0	993	0	6.201
Örorkulífeyrisþegar	11	414,5	58	735	269	126	0	1.130
Makalífeyrisþegar	26	186,9	74	0	0	641	0	641
Barnalífeyrisþegar	14	64,5	17	0	0	0	62	62
	807	394,2	45,7	23.982	1.699	5.049	502	31.233

(þúskr.)

KOSTNAÐUR				263	19	55	5	342
SAMTALS				24.245	1.718	5.104	508	31.575

Bókfærð eign 16.584

Endurmat 969

Núverandi eign 17.553

Ókomin iðgjöld KARLAR 11.205

Ókomin iðgjöld KONUR 414

Samtals 11.619

Heildareign 29.171

STADA -7,6% -2.403

IX. Viðauki TAFLA 2

Áfallin skuldbinding (í mkr) KARLAR

Staða	Fjöldi	Meðalr/mán	Aldur	ELLI	ÖRORKU	MAKA	BARNA	SAMTALS
Virkir sjóðfélagar	496	230,8	41	8.780	536	1.575	120	11.012
Óvirkir	111	44,7	42	365	24	65	17	471
Ellilífeyrisþegar	100	441,3	73	5.208	0	993	0	6.201
Örorkulífeyrisþegar	11	414,5	58	735	269	126	0	1.130
Makalífeyrisþegar	0	0,0	0	0	0	0	0	0
Barnalífeyrisþegar	7	73,7	18	0	0	0	35	35
SAMTALS	725	232,6	45,7	15.088	829	2.759	172	18.849

(þúskr.)

Áfallin skuldbinding (í mkr) KONUR

Staða	Fjöldi	Meðalr/mán	Aldur	ELLI	ÖRORKU	MAKA	BARNA	SAMTALS
Virkir sjóðfélagar	27	139,3	35	273	34	19	5	330
Óvirkir	22	27,1	35	51	4	3	3	62
Ellilífeyrisþegar	0	0,0	0	0	0	0	0	0
Örorkulífeyrisþegar	0	0,0	0	0	0	0	0	0
Makalífeyrisþegar	26	186,9	74	0	0	641	0	641
Barnalífeyrisþegar	7	55,2	17	0	0	0	27	27
SAMTALS	82	117,1	45,6	323	38	663	35	1.059

(þúskr.)

Áfallin skuldbinding (í mkr) SAMTALS

Staða	Fjöldi	Meðalr/mán	Aldur	ELLI	ÖRORKU	MAKA	BARNA	SAMTALS
Virkir sjóðfélagar	523	226,0	41	9.053	570	1.594	125	11.342
Óvirkir	133	41,8	41	416	28	68	20	533
Ellilífeyrisþegar	100	441,3	73	5.208	0	993	0	6.201
Örorkulífeyrisþegar	11	414,5	58	735	269	126	0	1.130
Makalífeyrisþegar	26	186,9	74	0	0	641	0	641
Barnalífeyrisþegar	14	64,5	17	0	0	0	62	62
	807	220,8	45,7	15.412	868	3.422	207	19.908

(þúskr.)

KOSTNAÐUR				123	7	27	2	159
SAMTALS				15.535	874	3.449	209	20.067

Bókfærð eign 16.584

Endurmat 969

Núverandi eign 17.553

Ókomin iðgjöld KARLAR 0

Ókomin iðgjöld KONUR 0

Samtals 0

Heildareign 17.553

STADA -12,5% -2.514



TALNAKÖNNUN HF.